

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1977

7. desember 1977.

197

Nr. 61.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna,
sbr. lög nr. 35 26. maí 1976 og lög nr. 23 10. maí 1977 um breyting
á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara né ráðuneytisstjóra;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;
3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;
4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af Kjaradómi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 7. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.